

Fundur þriðjudaginn 10. janúar 2017 á heimili Ingibjargar Jónasdóttur

Í fallegum og björtum húsakynnum Ingibjargar í Stapaseli fór vel um félagskonur þó bekkurinn hafi verið þétt setinn. Ingibjörg Einarsdóttir formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

María Pálmadóttir tók manntal og voru 30 konur deildarinnar mættar:

Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Jóhannesdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Jónsdóttir (sagnfræðingur), Kristín Jónsdóttir (skólastjóri), Kristjana Stefánsdóttir, Kristrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Soffía Sveinsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir.

Helga Thorlacius las fundargerð frá jólafundinum og eftir að Ingibjörg formaður hafði rakið dagskrá fundarins var gengið til næsta dagskrárliðar sem var bókmenntaumræða í tveimur hópum. Félagskonur höfðu dregið um tvo titla á jólafundinum og höfðu því haft tíma til að lesa og kynna sér þær bækur eða bók sem var til umræðu. Titlarnir voru *Hestvík* sem Gerður Kristný skrifaði og *Villisumar* eftir Guðmund Óskarsson. Það urðu fjörugar umræður í hópunum og skiptar skoðanir, rétt eins og fjölbreytileikinn í hópnum er var upplifunin af lestrinum og inntaki skáldsagnanna mismunandi.

Í umræðum í kaffinu og á meðan veitingum þeirra Bjarkar, Ragnhildar, Ingibjargar Einarsdóttur og gestgjafans Ingibjargar Jónasdóttur voru gerð góð skil kom fram ánægja með að virkja félagskonur á þennan hátt í umræðu og upplifun. Auk þess sem það gefur tækifæri á að kynnast betur og stjórnin hvött til að hafa slíkt á dagskrá inn á milli.

Næst kynnti Kristín Jónsdóttir, 1. varaforseti landssambandsins, væntanlegt Evrópuþing sem haldið verður í Tallin, Eistlandi dagana 26. - 29. júlí nk. Hún vonar að sem flestar mæti og nefndi að sýnileiki væri mikilvægur auk þess sem Tallin sé falleg borg. Dagskrá er í mótun og verða bæði erindi í sal auk örfyrirlestra í opnu rými. Áhugsamar geta sent inn beiðni til Evrópuforsetans fyrir 1. febrúar ef þær vilja

flytja erindi eða örfyrirlestur á þinginu. Það er gert í gegnum heimasíðuna þar sem finna má krækjur umræðuflokka en endanleg yfirskrift þingsins er ekki komin.

Erindi kom frá uppstillingarnefnd um tilnefningar í stjórn landssambandsins og uppstillingarnefnd fyrir næsta kjörtímabil og félagskonur hvattar til að gefa kost á sér.

Fyrirspurn Ingibjargar formanns um það hvort nefnd hafi verið skipuð fyrir Evrópuþingið 2019 sem haldið verður hér á landi svaraði Kristín að svo væri ekki en stjórnarfundur landssambandsins yrði í næstu viku.

Í framhaldi af því bar Ingibjörg formaður fram erindi stjórnar um að deildin okkar stingi upp á Ingibjörgu Jónasdóttur til embættis formanns Evrópusambands DKG og samþykktu viðstaddir félagsmenn það heilshugar. Ingibjörg hefur mikla reynslu af alþjóðastarfinu og er bæði vel kynnt og virt.

Þá hvöttu bæði Kristín og Ingibjörg konur að huga að vorþinginu á Akureyri sem Beta-og Mýdeildirnar, auk menntamálanefndar skipuleggja og halda utan um. Endanleg dagskrá er ekki tilbúin en verður sett á netið fljótlega og minnti hún á að það væri um að gera að kíkja reglulega. Þingið verður haldið í húsnæði Menntaskólans á Akureyri og býðst gisting hjá Icelandair hótelinu á kostakjörum ef pantað er fyrir 1. mars. Þá minntist Ingibjörg á að við hátíðarkvöldverð væri venjan að hver deild hefði skemmtiatriði og stakk upp á að það gæti verið Gammadeildar talkór. Hún er ekki von að tvínóna við hlutina og dreif okkur í æfingu strax á dýravisum Kristjáns Hreinssonar Skerjafjarðarskálds með viðlaginu:

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
Þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

Áður en Ingibjörg sleit fundi og slökkti á kertunum þremur þá minnti hún á afmælisárið okkar og stakk upp á Guðnýju Helgadóttur, Helgu Halldórsdóttur og Eddu Vikar í afmælisnefnd. Þær tóku jákvætt í beiðnina, þá þakkaði hún nöfnu sinni fyrir gestrisnina með rós og færði einnig Herthu rós og stórafmælisóskir í bundnu máli.

Fundargerð ritaði Edda Pétursdóttir